



**Meginniðurstöður rýnihópafunda  
Hörðuvallaskóli**

**Menntasvið  
25. apríl 2017**

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður rýnihópafunda .....	3
Ábendingar og tillögur sem fram komu á rýnihópafundum.....	3
Niðurstöður frá rýnihópafundi í Hörðuvallaskóla .....	4
Umbótaáætlun fyrir Hörðuvallaskóla .....	6

## Meginniðurstöður rýnihópafunda

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rýnihópafunda í grunnskólum Kópavogs vegna bókungar 1 og fleiri þátta í starfsumhverfi kennara. Fyrst er fjallað um megin ábendingar og tillögur sem koma fram í öllum eða flestum skólunum. Síðan er sérstaklega rætt um Hörðuvallaskóla og þá þætti sem varða bókun 1. Að lokum birtist umbótaáætlun skólans varðandi framkvæmd vinnumats í skólanum.

## Ábendingar og tillögur sem fram komu á rýnihópafundum

Eftirfarandi þættir komu fram í flestum rýnihópaviðtölum í skólunum. Vinna stendur yfir við að greina og skoða hvernig unnt er að bregðast við.

- **Álag vegna innleiðingar á aðalnámskrá, nýju námsmati og rafrænum samræmdum prófum:** Bent er á bókun 2 í kjarasamningi kennara hvað varðar þennan þátt.

Bókun 2: Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara munu í sameiningu óska eftir viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum t.d. á námsmati og aðalnámsskrá með það að markmiði að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og framkvæmt þau. Aðilar telja mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi grunnskóla með stjórnvaldsákvörðunum byggist á faglegum grunni og verði unnar í samráði og sátt við hagsmunaaðila og fjármagn sé tryggt vegna allra breytinga áður en þær eru innleiddar.

Menntasvið mun fylgjast náið með niðurstöðum þessarar vinnu og bregðast við í samræmi við þær.

- **Stefna um skóla fyrir alla og stefna varðandi kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku:** Skipulögð verður kynning í hverjum skóla á úthlutun kennslutímamagns, sérúrræðum á vegum bæjarins og fræðslu og ráðgjöf sem kennurum stendur til boða af hálfu Menntasviðs Kópavogs. Skólastjórnendur kynni um leið heildaráætlun um stuðning við nemendur í skólanum. Í tengslum við fjárhagsáætlun 2018 fer fram greiningarvinna á skólaþjónustu og stuðningi við nemendur. Í þeirri vinnu verður skoðað hvaða þætti hallar á og þeim forgangsraðað með tilliti til fjárhagsáætlunar.
- **Fjöldi nemenda í bekkjum/umsjónarhópum:** Endurskoðað verði hvernig úthlutunarkerfið er útfært. Í framhaldi þarf að greina stöðuna á úthlutun m.t.t. viðmiðunarstundarskrár og fjölda nemenda í umsjónarhópum.
- **Innleiðing á spjaldtölvum:** Endurskoða þarf stuðning við kennara og kynna betur þá ráðgjöf, fræðslu og stuðningsefni sem þegar er fyrir hendi. Einnig þarf að taka til umræðu og aðstoða kennara með agavandamál í tengslum við innleiðingu á spjaldtölvum. Þegar er verið að skoða tæknilega útfærslu sem auðveldar kennurum bekkjarstjórnun tengt spjaldtölvunotkun.
- **Starfslýsing/erindisbréf fyrir kennara:** Skoðað verður í samvinnu við skóla, Sambandið og KÍ hvernig vinna megi starfslýsingar fyrir kennara.

- **Vinnustund:** Allar athugasemdir og ábendingar sem fram komu á rýnihópafundum er verið að taka saman og greina með tilliti til þess hvernig unnt er að aðlaga kerfið betur að vinnuumhverfi kennara.
- **Vinnuaðstæður í skólum:** Úttekt verður gerð á vinnuaðstæðum í hverjum skóla fyrir sig og áætlun um endurbætur þar sem þurfa þykir. Unnið í tengslum við fjárhagsáætlun 2018.
- **Dagleg viðvera kennara:** Allar athugasemdir verða teknar saman og komið á framfæri við samstarfsnefnd í skýrslu sem sveitarfélagið mun skila af sér 1. júní. Menntasvið, í samstarfi við skólustjóra, mun skoða hvernig kröfunni um sveigjanleika varðandi viðveru verður best mætt.
- **Samstarf dægradvala og skóla vegna húsnæðis:** Vinna er hafin við greiningu á þessum þætti.
- **Stuðningur stjórnenda við kennara:** Vinna er hafin við greiningu á þessum þætti.
- **Tækifæri fyrir kennara að þróast í starfi:** Vinna er hafin við greiningu á þessum þætti.
- **Stuðningur við nýja kennara:** Vinna er hafin við greiningu á þessum þætti.
- **Auk þess er verið að greina þætti sem eru sérstakir fyrir hvern skóla og bregðast þarf við.**

## Niðurstöður frá rýnihópafundi í Hörðuvallaskóla

Í kaflanum koma fram upplýsingar um Hörðuvallaskóla og meginniðurstöður frá rýnihópafundi í skólanum um eftirfarandi þætti: vinnumat, álagsþætti og starfsumhverfi. Að lokum eru tillögur til úrbóta en fulltrúi sveitarfélags, trúnaðarmaður kennara og skólustjóri munu vinna saman að endanlegri umbótaáætlun fyrir skólann.

### Skólinn

Hörðuvallaskóli er hverfissskóli fyrir Kórahverfið í Kópavogi. Starfsemi skólans er í Baugakór 38, en þar eru nemendur í 1. – 7. bekk og í Vallakór 16 en þar eru nemendur í 8. – 10. bekk. Nemendafjöldi við upphaf skólaárs er 872 í 41 bekkjardeild frá 1. – 10. bekk.

Hörðuvallaskóli hóf starfsemi haustið 2006 og er því að hefja sitt ellefta starfsár. Skólinn leggur áherslu á hollustu og hreyfingu sem og grunngreinarnar stærðfræði og lestur. Einkunnarorð skólans eru "það er gaman í skólanum" enda er góð líðan nemenda ein af grunnstoðum skólastarfsins.

### Vinnumat

Kennarar voru sammála um það að vinnumatið hefði ekki náð tilgangi sínum þ.e. að jafna álagi á kennara og veita meira svigrúm til undirbúnings kennslu. Kennarar töldu að vinnumatið mismunaði kennurum og skapaði togstreitu milli þeirra. Við skipulag vinnumatsins, allt frá upphafi, lagði skólustjóri ákveðna línu um útfærslu sem kennarar notuðu við vinnumatið. Ekki var haft samráð við kennara um þessa útfærslu. Finna þarf aðrar leiðir til að skipuleggja vinnu kennara heldur en að nýta núverandi vinnumat.

Kennarar telja að kostir vinnumats séu fyrst og fremst fólgnir í því að við vinnu við matið hafi kennarar betur ígrundað verksvið sitt.

## Álagsþættir

Vinumatið er álagsþáttur og skipulag þess. Kennarar upplifa innbyggða mismunun milli kennara í því. Jafnframt kom fram að óréttlæti væri fólgið í að þurfa að semja einstaklingslega um þau verkefni sem kennari ætti að sinna á vinnutíma.

Kennarar í Hörðuvallaskóla upplifa margir álag vegna samskipta við foreldra. Þá sérstaklega þar sem kröfur foreldra til kennara séu miklar.

Kennara upplifa einnig álag vegna menntastefnunnar *Skóli án aðgreiningar*. Stuðningur inn í bekki er oft ekki að nýttast vegna stuðningfulltrúa sem ekki fá nægilega leiðsögn eða sérkennsla fellur niður vegna veikinda. Þeir telja að fjármagn sé ekki í takt við þarfir fyrir stuðning við nemendur.

Álag hefur skapast við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá og námsmati. Innleiðingunni fylgdi ekki fjármagn svo hægt væri að borga sérstaklega fyrir þá vinnu.

## Starfsumhverfi

Kennarar segja vinnuaðstæður vera góðar í skólanum nema fyrir þá kennara þar sem dægradvöl nýtir kennslustofur. Starfsmenn í skólanum eru margir og þegar fundað er með stórum hópum í of litlum rýmum s.s. á kennarafundum er ekki sæti fyrir alla.

Í haust voru fundir endurskipulagðir og þeim fækkað. Ekki kom fram annað en kennarar væru sáttir við fyrirkomulagið. Kennarafundir eru aðra hverja viku og deildarfundir á mót, fræðslufundir eru á fimmtudögum. Að auki eru árganga-, byrjendalæsis-, stærðfræðiteymisfundir o.fl. að meðaltali 3 fastir fundir á viku. Vegna stærðar skólans eru fundirnir viðamiklir t.d. eru 6 kennarar að meðaltali í árgangsamstarfi.

## Tillögur til úrbóta

Lagt er til að framkvæmd vinnumats verði unnin í nánu samstarfi við trúnaðarmenn og kennurum gefinn kostur á að rýna og koma með athugasemdir. Niðurstöður af þeirri vinnu verði kynntar vel fyrir öllum kennurum. Viðtöl um vinnumatið hjá kennurum fari fram í hópum t.d. allir sem vinna saman í árgangateymi eða verk- og listgreinakennarar verði saman í viðtali.

Vegna álags er tengjast samskiptum við foreldra er lagt til að skólinn vinni að því að gefa út samskiptastefnu milli skóla og heimilis. Þá stefnu yrði að kynna vel fyrir foreldrum og kennurum og þeir hvattir til að fylgja þeim línunum sem lagðar verða þar.

Vegna álags í tengslum við menntastefnuna *Skóli án aðgreiningar* er lagt til að upplýsa kennara um tilhögun úthlutunar fjármagns til nemenda með sérþarfir. Skólinn þarf með stuðningi menntasviðs að kynna fyrir öllum kennurum úthlutun og úrræði skólaþjónustu og heildstæða áætlun skólans um stuðning. Áherslu þarf að leggja á að stuðningur við nemendur snýst ekki eingöngu um sérkennslutíma og fjármagn heldur er kennsluumhverfið stór þáttur í umræddri menntastefnu. Skoða þarf sérstaklega starf stuðningfulltrúa og fræðslu til þeirra.

Einnig má benda á að eitt af því sem er styðjandi við kennara í starfi er teymiskennsla. Með teymiskennslu er átt við að kennarar deili ábyrgð á kennslu, undirbúningi og framkvæmd og nemendum, bæði námi og líðan. Teymiskennslan gefur tækifæri til sveigjanleika í skólastarfinu og kennurum möguleika til þróunar og þroska í starfi. Ýmsir álagsþættir starfsins verða auðveldari viðfangs í því samstarfi sem teymiskennsla er og líklegt er að hún skili árangri fyrir þá kennara sem taka þátt í teyminu og styrki lærdómssamfélag skólans sem heild.

## Umbótaáætlun fyrir Hörðuvallaskóla

Verkefni	Lýsing	Tímaset.	Ábyrgð
Skipulag og framkvæmd vinnumats skólanum	Allir kennarar séu upplýstir um skipulag og fyrirkomulag vinnumats.	júní 2017	Skólastjóri /trúnaðarm
	Leitast við að kennarar verði sáttir með undirbúningstíma og verkaskiptingu Skapað sé rými fyrir þróun í kennslu í samstarfi kennara og stjórnenda.	ágúst 2017	Skólastjóri
Verkefnateymi- forgangsraða og skipta verkefnum milli kennara	Spjaldtölvuinnleiðingaráætlun, taka upp og ræða / gera virka. Ekki um “nefndastörf” að ræða hjá umsjónarkennurum nema að þau falli inn í hluta í vinnumati	ágúst 2017	Skólastjóri
Vinnumatsviðtöl við samstarfsteymi	Vinnumatssamtöl tekin við árganga og samstarfsteymi sameiginlega en einstaklingum boðið upp á vinnumatssamtöl ef þess er óskað.	júní og ágúst 2017	Skólastjóri
Skipulag funda og innihald	Skipulag funda sé skýrt fyrir öllum. <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fræðslufundir séu val.</li> <li>○ Á kennara- og starfsmannafundum séu málefni valin m.t.t. að þau eigi erindi við allan hópinn. Þess gætt að málefnum sem eiga frekar heima á deildafundum eða öðrum fundum se stýrt þangað.</li> </ul>	júní 2017	Skólastjóri
	Upplýsingaskjái þar sem hægt er að setja inn mál og upplýsingar.	júní 2018	Skólastjóri
Skipulag og úthlutun skólaþjónustu og stuðnings við nemendur með sérþarfir frá menntasviði og skóla	Fulltrúar frá menntasviði og fulltrúar frá skólanum skipuleggja saman kynningu og umræður um skipulag og úthlutunar fyrir alla kennara skólans.	ágúst 2017	Skólastjóri / menntasvið
	Kynningar og umræður fara fram á deildarfundum í skólanum.	september 2017	Skólastjóri
	Í kjölfar þeirra umræðu og kynningar setur skólinn fram heildstæða áætlun um stuðning við nemendur. Kynna heildstæða áætlun fyrir öllum kennurum.	október 2017	Skólastjóri
Vinnuaðstaða kennara við undirbúning	Þeir kennarar sem þess óska fái fartölvur.	ágúst 2017	Skólastjóri
	Vinnuaðstaða sameinuð í kennslustofum. Vinnuaðstaða s.s. ljósritunaraðstaða stækkuð inn í núverandi bókageymslu	vorönn 2018	Skólastjóri
Samskipti við foreldra	Unnin samskiptastefna milli skóla og heimila.	september 2017	Skólaráð
Móttaka nýrra kennara	Unnin áætlun um móttöku nýrra kennara við skólann	ágúst 2017	Skólastjóri